

Þorgrímur til hjálpar?

Davíð Snorri Jónasson
Hjalti Guðmundsson



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed.-gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Þorgrímur til hjálpar?

Nýtast bækur Þorgríms Þráinssonar til þess að auka lestraráhuga unglunga?

Davíð Snorri Jónasson

260287-2149

Hjalti Guðmundsson

100185-3779

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2010

Ágrip

Í þessari ritgerð er aðal umfjöllunarefnið minnkandi áhugi unglunga á lestri og hvernig sporna megi við þeirri þróun með hjálp bóka Þorgríms Þráinssonar. Ekki er svo ýkja langt síðan farið var að skrifa unglungabækur hér á landi. Hér verður stiklað á stóru yfir þróun og sögu unglungabóka á Íslandi. Skoðaðar eru rannsóknir á lestri og lestaránægju á undanförunum árum og gefa þær til kynna að ánægja af lestri fari minnkandi. Komið er inn á hvaða gildi lestur hefur fyrir þroska barna og hversu mikilvægar barna og unglungabækur eru.

Lagt er upp með að kanna hvernig bækur eftir Þorgrím Þráinsson geti nýst til þess að auka áhuga unglunga á lestri. Bækur hans eru metnar eftir ákveðnum leiðum og leitast er við að rökstyðja hvort og hvernig nýta megi bækurnar. Í lokin eru helstu niðurstöður kynntar.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. gráðu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hugmynd að verkinu kviknaði í vettvangsnámi þar sem við tókum eftir litlum áhuga á bókalestri meðal nemenda, var þá sama hvort um var að ræða frjálislestrarbækur eða námsbækur. Þær hugsanir stönguðust á við okkar reynslu sem unglingar og vildum við því reyna að komast að því hvort eitthvað væri hægt að gera til þess að auka áhuga nemendanna á lestri.

Þorgrímur Þráinsson var vinsæll höfundur þegar við vorum yngri og er hann vinsæll enn þann dag í dag svo það lá beinast við að nota bækur eftir hann til þess að athuga hvort ekki væri hægt að auka lestraráhuga unglunga aftur. Til þess að geta sýnt fram á það með einföldum dæmum völdum við þrjár bækur eftir hann sem við vegum og metum.

Leiðsagnarkennari okkar í þessari ritgerð er kennari okkar af íslenskukjörsviðinu, Sigurður Konráðsson prófessor í íslenskum málvísindum. Sigurður hefur mikla reynslu sem kennari og hefur hjálpað okkur mikið við gerð þessarar ritgerðar. Við þökkum honum sérstaklega fyrir hjálp við stílfræðikafla ritgerðarinnar sem reyndist okkur snúinn í fyrstu.

Ekki verður hjá því komist að þakka fjölskyldum okkar fyrir góðan stuðning. Ef fjölskyldan stæði ekki á bak við okkur væri þetta ekki mögulegt.

Einnig viljum við þakka prófarkarlesurunum Þórdísi Guðjónsdóttur sem fór yfir málfar og stafsetningu sem og Björk Þorgeirsdóttur sem fór yfir heimildir.

Að lokum verðum við að þakka Agnesi og Hrafnhildi Ýri bekkjarsystur okkar fyrir einstaka þolinmæði í okkar garð. Þær hafa þurft að þola truflanir og mikið spjall um efnið og metum við hjálp þeirra og þolinmæði mikils.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	6
2 Lestur og bókmenntir	7
2.1 Sögulegt yfirlit barna- og unglingabóka	8
2.1.1 Ísland og barnabókmenntir	9
2.1.2 Ísland og unglingabókmenntir	11
2.2 Innihald barna- og unglingabóka.....	13
2.3 Uppskrift barna og unglingabóka.....	15
2.4 Staða lesturs á Íslandi.....	16
2.5 Til samanburðar þá og nú, Ísland og önnur lönd.....	17
2.6 Hvernig má auka áhuga á lestri.....	18
2.7 Staðreyndir.....	20
3 Þorgrímur Þráinsson	22
3.1 Val á bókum.....	23
3.1.1 Tár, bros og takkaskór.....	24
3.1.2 Margt býr í myrkrinu.....	24
3.1.3 Núll núll 9.....	25
3.2 Hvernig koma bækurnar út í samanburði við matslista.....	26
3.2.1 Tár, bros og takkaskór.....	26
3.2.2 Margt býr í myrkrinu.....	28
3.2.3 Núll núll 9.....	30

4	Stílfraði bókanna.....	33
4.1	Aðal- og aukasetningar.....	33
4.2	Orðflokkagreining.....	35
5	Rauður þráður.....	37
6	Niðurstöður.....	39
7	Samantekt.....	43
	Heimildaskrá.....	44

1 Inngangur

Ritgerð þessi er samin með það að leiðarljósi að athuga hvort nota megi bækur Þorgríms Þráinssonar til þess að auka lestraráhuga unglunga. Í aðalnámskrá segir:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum (*Aðalnámskrá grunnskóla: Íslenska 2007:9*).

Eins og bent er á í aðalnámskrá er lestrarkunnátta undirstaða allrar menntunar. Sem kennaranemar höfum við tekið eftir minnkandi áhuga á lestri og er það áhyggjuefni. Hér á eftir verður leitast við að kynna sögu unglungabókmennta, gildi þeirra og mikilvægi fyrir íslenskt samfélag. Unglingabókin er ekki gömul hér á landi en hún hefur engu að síður gegnt mikilvægum þáttum, t.d. að fræða og upplýsa unglínginn.

Rýnt verður í rannsóknir sem gefa eindregið til kynna að lestraráhugi fari minnkandi meðal barna og hvað sé hægt að gera til þess að sporna við þeirri þróun. Eftir að hafa kynnt okkur málin ákváðum við að taka fyrir þrjár bækur eftir Þorgrím Þráinsson og gera stutta úttekt á þeim, hvort raunverulega megi nota bækur hans til þess að auka áhuga á lestri. Þetta hlýtur að skipta gríðarlegu máli fyrir okkur sem verðandi kennara. Má því segja að rannsóknarspurning okkar sé: *Nýtast bækur Þorgríms Þráinssonar til þess að auka lestraráhuga unglunga?*

Tilgáta okkar við rannsóknarspurningunni er sú að vel ætti að vera hægt að nýta bækur Þorgríms enda hafa þær verið vinsælar í gegn um tíðina. Bækurnar eru líka fremur stuttar og skemmtilegar og eru því ekki erfiðar í lestri.

2 Lestur og bókmenntir

Bókmenntir gegna mismunandi hlutverki í lífi fólks. Flestir lesa sér til skemmtunar en margir gera líka þá kröfu til lesefnisins að það skilji eitthvað eftir. Sögur hafa talsvert fræðslugildi, sumar bækur geta frætt fólk um líf í öðrum menningarheimum eða jafnvel á liðnum tímum í sögulegu samhengi. Allar bækur fræða lesandann um fólk og samskipti þess á einhvern hátt. Bækur geta hjálpað lesanda sínum. Persónur í bókum þurfa oft að glíma við vandamál sem lesandi er sjálfur að glíma við og getur séð sjálfan sig í sporum persónunnar. Hún getur því verið fordæmi um hvað skal gera eða hvað skal ekki gera.

Bóklestur er almennt þroskandi fyrir hvern einstakling á mörgum sviðum. Lestur þroskar vitsmuni vegna þess að hver lesin bók bætir einhverju við það sem við vissum áður. Hann þroskar tilfinningar því bókalestur byggist á innlifun.

Lesandinn getur samsamað sig persónunum og með því ætti að eflast skilningur á tilfinningum annarra, sem og hjá sjálfum sér. Ímyndunarafl lesanda þroskast því hann þarf að setja sér fyrir hugskotssjónir það sem hann les og það er margt sem getur komið fyrir í bókum. Samskiptahæfni þroskast með lestri vegna þess að bækur fjalla um samskipti sögupersóna og þar kynnist lesandinn bæði góðum fordæmum og einnig hvað skal varast. Í gegnum tíðina hafa barna- og unglingabækur haft það hlutverk að upplýsa börn um góða og uppbyggilega siðfræði.

Barnabókmenntir er grein sem skapaðist að mestu leyti í Evrópu á 18. öld. Greinin hefur þróast í gegnum tíðina með samfélagsbreytingum og auknum réttindum barna. Greinin er yngri á Íslandi en í mörgum öðrum löndum sökum þess að samfélagsbreytingar áttu sér stað seinna hér á landi en annarsstaðar í Evrópu (Þuríður Jóhannsdóttir 1992).

2.1 Sögulegt yfirlit

Upplýsingin er stefna sem á upphaf sitt að rekja allt aftur til 18. aldar og var ákaflega sterk og áhrifamikil í mennta- og menningarmálum í Vestur - Evrópu. Borgarastéttin kom undir sig fótum í stærstu ríkjunum þar og hóf að leggja undir sig skólakerfi og bókmenntir. Samfélagið var annað en við þekkjum í dag og bjuggu margar kynslóðir saman á stórum býlum. Framleiðslan fór öll fram inni á heimilunum og fólk svaf og vann á sama staðnum. Á Íslandi voru bókmenntir lesnar upp í baðstofum á kvöldin fyrir allt heimilisfólk að hlýða á. Það efni sem helst var lesið upp var guðsorð, íslenskar fornsögur og rímur. Skáldskapur átti undir högg að sækja þó svo að yngri kynslóðin væri hvað spenntust fyrir þess konar sögum (Gísli Ágúst Gunnlaugsson 1997:56).

Upplýsingamenn vildu auka einstaklingsfrelsi og mennta fólkið. Þessir menn vildu auka trú miðstéttarinnar á sjálfa sig, sýna fram á að hún stæði aðlinum ekki langt að baki og væri hugsanlega færari en aðallinn. Prentfrelsi var aukið og áhugi jókst á að semja sérstakar barnabækur sem áttu að fræða börn og koma þeim í skilning um að stefna hátt í lífinu. Það sem mestu skipti við þessar breytingar var að þjóðfélagið breyttist. Framleiðslan sem hafði öll farið fram á heimilum var tekin að færast þaðan út, heimilin hættu að vera miðpunktur alls. Efnadir borgarar fóru að flytja í úthverfi, þar sem þeir vildu ekki búa með verkafólkinu í miðjum borgunum, en úthverfunum fylgdu vandamál. Það var lítið um að vera fyrir börnin og konurnar sem sátu heima á daginn á meðan heimilisfeðurnir fóru út að vinna. Lausnin var að láta þau lesa meira. Þörf var á fleiri barnabókum og átti barnabókin að vera mikilvægt tæki í félagsmótun barna og fræða þau um það sem þau voru að missa af með því að hætta þeirri vinnu sem þau höfðu unnið áður á heimilunum (Silja Aðalsteinsdóttir 1981:26–9).

Rómantík er önnur stefna sem ruddi sér til rúms í kjölfar upplýsingarinnar og borgaramenningarinnar. Fylgismenn rómantíkurinnar breyttu áherslum í bókmenntum fyrir börn og voru á móti þeirri stefnu sem upplýsingarmenn höfðu fylgt. Fylgismönnum rómantíkur leiddust barnabækur upplýsingarinnar. Þeir vildu fá meiri skáldskap. Lítið var á börn öðruvísi og vildu þeir auka ímyndunarafli þeirra og sköpunargleði, ólíkt því sem upplýsingarmenn höfðu lagt áherslu á. Þeir

litu á barnið líkt og leir sem þyrfti að móta. Bókmenntirnar stíluðu inn á það að fræða og upplýsa börn og voru bókmenntirnar notaðar til að móta þau sem persónur (Silja Aðalsteinsdóttir 1981).

Á 19. öld ruddi raunsæisstefnan sér rúms. Með henni verður sú breyting á að skáldsögur taka við af smásögum að mörgu leyti. Sérstakar sögur urðu til fyrir stráka og stelpur því menn gerðu sér grein fyrir að skáldsaga þyrfti að hafa aðalpersónu. Áður höfðu smásögurnar verið fyrir bæði kynin. Við aldamótin kemur nýrómantíkin við sögu og aftur losnar um þessar siðbætandi bókmenntir líkt og þegar rómantíkin tók við af upplýsingunni.

Barnabækur losnuðu við ákveðin höft, þurftu ekki að hafa beinan tilgang, því börnin áttu að geta verið frjáls og óbundin. Ævintýrin urðu vinsæl meðal barna enda hugarflug höfunda alls ráðandi (Silja Aðalsteinsdóttir 1981:28).

Það má sjá að fram að aldamótum 20. aldar voru það fjórar bókmenntastefnur sem komu við sögu. Raunsæisstefnan og upplýsingin voru líkar hvor annarri sem og rómantíkin og nýrómantíkin. Tvær fyrri stefnurnar lögðu áherslu á staðreyndir og að það ætti að nota bókmenntir til að fræða börn og siðbæta. Rómantíkin og nýrómantíkin gáfu bókmenntunum lausan tauminn og lögðu áherslu á að barnið fengi að njóta sín og skapa sinn eigin heim í gegnum bókina, það ætti ekki að mata allt ofan í börnin og reyna að móta þau eins og leir.

2.1.1 Ísland og barnabókmenntir

Þróunin í barnabókmenntum var ekki sú sama á Íslandi og í Evrópu að því leyti að þjóðfélagsbreytingar sem áttu sér stað í Evrópu með tilkomu upplýsingarinnar bárust ekki strax til Íslands. Talið er að fyrsta íslenska barnabókin sé *Barnaljóð* eftir séra Vigfús Jónsson (Silja Aðalsteinsdóttir 1999:9). Hann orti ljóðin fyrir dóttur sína árið 1739. Þessi bók var samin í anda upplýsingarinnar þar sem séra Vigfús var að reyna að leggja dóttur sinni lífsreglurnar í ljóðaformi. Það var ekki fyrr en 50 árum síðar að næstu bækur fóru að koma út. Íslenskir menntamenn voru búnir að kynnast upplýsingastefnunni sem var við lýði í útlöndum og vildu nú upplýsa og fræða íslensk börn. Íslenskir menntamenn bjuggu margir hverjir í Danmörku og vildu að íslensk börn fengju að njóta þess sama í bókmenntum og

dönsk börn. Þeir reyndu að velja það besta af danska markaðnum fyrir íslensk börn. Bókin *Sumargjöf handa börnum* kom út árið 1795 og var það þýdd bók úr dönsku. Íslendingar eignuðust fáar frumsamdar barnasögur í upplýsingastefnu en lengi mátti sjá áhrif stefnunnar í íslenskum barnabókum (Silja Aðalsteinsdóttir 1981).

Aukin þéttbýlismyndun var í byrjun 20. aldar þar sem allt að tíundi hluti þjóðarinnar bjó í Reykjavík. Börn fóru að lifa eðlilegra lífi ef að svo mætti að orði komast. Börn fóru að ganga í skóla og hættu að upplifa daginn eins og fullorðnir. Aukinn frítími varð til og rúm fyrir sérstakar barnabækur var farið að skapast. Höfundar fóru að skrifa sögur um líf og leiki barna í samtímanum. Skólaganga var skylda og margir höfundar voru kennarar sem höfðu það að markmiði að búa til lesefni fyrir börnin. Aðrir vildu gera meira fyrir börnin og skáldsögur sem gáfu góða sýn á samfélagið á þessum tíma voru skrifaðar. Samfélagið á Íslandi var að breytast hratt og átti þéttbýlismyndun stóran þátt í þeim breytingum. Á fjórða áratug 20. aldar varð unglingskáldsagan til. Mörg verk voru gefin út sem höfðu líf og kjör barna í iðnaðarsamfélaginu að leiðarljósi. Það hafði viss áhrif á verkin að sú öra þéttbýlismyndun sem átti sér stað gerði það að verkum að hlutverk og líf unglingsanna voru ekki eins vel þekkt og áður. Aðstæður voru allt öðruvísi en áður og þurftu því höfundar að hugsa til breyttra aðstæðna (Silja Aðalsteinsdóttir 1999:16).

Árin 1933–1960 voru mjög góð ár í íslenskum barnabókmenntum og ýmsir höfundar sem margir Íslendingar þekkja enn þann dag í dag komu fram á sjónarsviðið. Mikið var skrifað af bókum en á stríðsárunum jókst bókaútgáfa á Íslandi til muna. Umhverfi bókanna sem skrifaðar voru á þessum tíma var sveitin og gömlu dagarnir. Í byrjun áttunda áratugarins fór af stað mikil umræða í nágrannalöndum Íslands. Umræðan var gegn afþreyingarbókmenntum og þótti sú gerð bókmennta slæm. Á þessum tíma hófst einnig umræða um kynjahlutverk og konur börðust meira fyrir rétti sínum. Konur vildu að dætur þeirra fengju betra hlutskipti en þær sjálfar höfðu hlotið (*Íslensk bókmenntasaga V* 2006).

Í kjölfar þessarar umræðu, og í takt við það sem gerðist annars staðar á Norðurlöndunum, fóru nýjar bókmenntir að ryðja sér braut hér á landi. Þessar nýju

bókmenntir áttu ekki að hafa afburðabörn úr yfirstéttum, hetjusögur þeirra og ævintýri að leiðarljósi heldur áttu þær að fjalla um hversdagsleikann, hluti sem gerðust hér og nú. Umfjöllunarefnið varð hinn hversdagslegi veruleiki í þéttbýlinu og átti að hafa það að leiðarljósi að sýna fram á sjálfstæða hugsun lesandans og styðja hann í sínum daglegu raunum (*Íslensk bókmenntasaga V* 2006:316).

Á áttunda áratugnum risu barnabókmenntir á ný eftir lögð. Nýtt raunsæi leit dagsins ljós og sveitin hvarf að mestu úr barnabókum. Það að búa í stórum bæ eða borg var orðið eðlilegt og mörg börn þekktu ekkert annað. Það má því segja að mikil nauðsyn hafi verið að breyta umhverfi barnabókanna í takt við breytingar í þjóðfélaginu. Því urðu höfundar barnabóka að einblína á það sem gerðist í þéttbýli, líf barna, skólagöngu þeirra, heimilisaðstæður og vandamál (Silja Aðalsteinsdóttir 1999:19).

2.1.2 Unglingabækur á Íslandi

Íslenskir höfundar hafa skrifað lengi fyrir unglunga en áður fyrr voru bækurnar ekki skilgreindar sérstaklega fyrir unglunga heldur voru þetta einfaldlega bækur sem unglingar gátu samsamað sig við. Litið hefur verið niður á unglungabækur á Íslandi og efni þeirra talið full einfalt. Efni í íslenskum unglungabókum eru unglingar og vandamál þeirra. Horft er til veruleika unglunganna og höfundar gera sitt besta í að skrifa þannig að bókin höfði til unglunganna (Þuríður Jóhannsdóttir 1992: 5–17).

Ef litið er á sögu unglungabókmennta á Íslandi má sjá að hún er ekki gömul og talið er að með útgáfu bókarinnar *Búrið* eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur hafi komist skrið á skrif unglungabóka á Íslandi.

Búrið kom út árið 1977 og þar kom bók sem talaði beint til unglunga og hneykslaði foreldra. Í þeirri bók er aðalsöguhetjan að berjast gegn öllum yfirvöldum (*Íslensk bókmenntasaga V* 2006:352). Þessi tónn í bókinni er í samræmi við þá þróun sem átti sér stað í samfélaginu á Norðurlöndum en breytingar urðu á stöðu barna innan fjölskyldunnar.

Á áttunda áratugnum voru börn, jafnt sem fullorðnir, aftur á móti hvött til að

draga allt vald í efa, mótmæla og gera byltingu ef óréttlæti var á ferð. Réttindi barna voru höfð að leiðarljósi og fólk varð meðvitaðra um aukin réttindi fólks almennt (Brynhildur Þórarinsdóttir 2006:743).

Þegar unglingsbækurnar komu fyrst fram á sjónarsviðið sást strax að fyrir þær var stór og mikill markaður. Þær sátu efst á vinsældalistum og voru mest seldar. Höfundar voru fáir og margir sendu frá sér eina bók á ári, jafnvel tvær. Til að byrja með voru unglingsbækur aldrei kynþroska í íslenskum unglingsbókum. Þeir gátu gert allt milli himins og jarðar en kynferðisleg hegðun sást ekki. Um miðjan níunda áratuginn fór að bera meira á kynferðislegri hegðun í íslenskum unglingsbókum. Persónurnar fóru að kyssast og stelpur urðu óléttar. Þetta var viðkvæmt málefni sem þarna var komið upp í bókmenntunum en þetta efni var vinsælt hjá lesendum. Í dag er öldin önnur og samfélagið orðið mun opnara en það var í lok síðustu aldar. Lýsingarnar eru orðnar opinskárrar og þykja nánast sjálfsagðar (Silja Aðalsteinsdóttir 1999).

Unglingsbókmenntir voru mikið gagnrýndar. Helsta gagnrýnin sem þær fengu við lok síðustu aldar var sú að það vantaði fjölbreytni og að unglingsbókmenntir var ekki eins einsleitur og benti til í þeim. Hugmyndafræðin þótti sjaldnast framsækin og oftast í takt við ríkjandi viðhorf í samfélaginu. Vandamálin sem koma upp í bókunum eru leyst á mjög yfirborðskenndan hátt og umfjöllun ekki nægileg. Persónur bókanna eru einsleitar og höfundar skrifa um hinn dæmigerða unglingsbókmenntir sem glímur við hin dæmigerðu unglingsvandamál en það telja höfundar leið til að ná til unglingsanna. Bækurnar fjalla flestar um unglingsbókmenntir í þéttbýlinu og lítið hugsað til þess að unglingsbókmenntir séu einnig til í dreifbýlinu (Þuríður Jóhannsdóttir 1992:5–17). Við upphaf 21. aldarinnar og fram til dagsins í dag hafa bækur fyrir unglingsbókmenntir skipst í þrjú flokka. Má segja að fjölbreyntin sé orðin aðeins meiri og er það til bóta. Þessir þrjú flokkar sem bækur fyrir unglingsbókmenntir skiptast í eru:

A) Fantasíur og/eða þjóðlegur sagnaarfur

-Ævintýri, barátta góðs og ills, vinátta, ástin, dauði, foreldravandamál.

B) Raunsæjar unglingsögur

-Hversdagshetjur.

-Ævintýri, spenna, einelti, vinátta, foreldravandamál, elsta kynslóðin ráðagóð.

C) Dramadrottningar

-Útlit, föt, vinátta, ástin, kynlíf, foreldravandamál, átröskun, samkynhneigð.

(Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir 2008.)

Við upphaf 21.aldar var fantasían allsráðandi en dramadrottningabækurnar voru ekki komnar út. Dramadrottningarnar koma fram á sjónarsviðið árið 2005 en mikið er um að þeir höfundar sem skrifa í þeim flokki séu að þreyta frumraun sína sem höfundar. Einkenni þessarar tegundar sagna henta vel unglingsum og bæði kyn geta lesið. Efni bókanna hentar báðum kynjum og geta þau sett sig í spor persónanna. Má segja að fjölbreytnin sé orðin aðeins meiri sem verður að teljast jákvæð þróun.

2.2 Innihald barna- og unglingsbóka

Lesandinn getur verið að leita eftir mismunandi þáttum í bókum sem hann les en flestir vilja þó hafa ánægju af lestri sínum eins og öllu sem þeir gera í lífinu. Sögur eiga að hafa það að markmiði að hrífa lesandann með sér og skemmta honum (Þuríður Jóhannsdóttir 1992:3).

Barna- og unglingsbækur gegna margþættu hlutverki eins og áður hefur komið fram. Til að skila þessu hlutverki þurfa bækur að vera góðar og vandaðar. Þegar meta skal barna- og unglingsbók þarf að hafa margt í huga. Sá sem metur bók hverju sinni þarf að hafa í huga að bókin er skrifuð fyrir börn og/-eða unglings og setja sig í stellingar eftir því. Þuríður Jóhannsdóttir skrifar í grein sinni „Úr búrinu í meiri gauragang“ í *Tímariti Máls og menningar* árið 1992 um tíu þætti sem hafa skal í huga þegar barna- og unglingsbækur eru metnar:

1. Sjónarhorn barns eða unglings

Höfundar velja sér oftast sjónarhorn barns eða unglings. Áður fyrr notuðust höfundar við sjónarhorn hins alvitra höfundar. Höfundur gerir þetta til að vera trúr reynslu barns eða unglings og auðveldar það innlifun lesandans.

2. Samstaða með börnum og unglimum

Höfundur verður að ná trúnaði við lesendur sína. Mikilvægt er að höfundur sé að skrifa um þá reynslu hvernig sé að vera barn eða unglimum eða skrifa um reynslu sem höfðar til barna og unglimum en ekki fyrir fullorðna. Hagsmunir barna og unglimum verða því að vera í fyrirrúmi.

3. Vönduð persónusköpun auðveldar samsömun

Lestur barna og unglimum á bókmenntum byggist ævinlega á innlifun eða samsömun með sögupersönum. Vönduð persónusköpun gefur lesandanum tækifæri á að skyggast inn í huga persönnar og hugsanir hennar. Margir rithöfundar hafa valið þá leið að hafa persönur í bókum sínum einskonar hetjur, byggja þær upp á hetjudraumum barna og unglimum.

4. Efnið höfði til barna eða unglimum og komi þeim við

Börn og unglimum eru mismunandi og það þarf að hafa fjölbreytt efni sem höfðar til allra.

5. Spannandi

Unglimum vilja oftast nær hafa bækur spennandi. Hraði og spenna halda lesandanum við efnið og lokka hann áfram. Spennu má líka ná með persónusköpun en örlög sögupersönu geta haldið lesandanum spennnum.

6. Húmor

Unglimum vilja húmor en þó ber að vanda hverslags húmor er þeim boðlegur. Gæta verður þess að húmornum sé beitt rétt, yfirleitt er hlegið með þeim sem minna mega sín gegn þeim sem hafa valdið. Mikilvægt er að ekki sé gert grín að veikleikum barna og unglimum.

7. Siðfræði og hugmyndafræði

Siðfræðin og siðaboðskapurinn má ekki vera yfirþyrmandi líkt og í barna og unglimumabókmenntum fyrri tíma. Samt þarf að halda sig innan marka í siðfræðinni og hún þarf ávallt að vera til staðar. Hugmyndafræðin þarf að vera í takt við þann tíma sem bókin er skrifuð. Hún á ekki að innræta lesendum um eitthvert ákveðið efni, svo sem fordóma, kynþætti eða annað slíkt.

8. Málfar

Höfundur þarf að þekkja lesendahóp sinn og miða málfarið við hann. Börn og unglimum eru enn að læra málið og er því mjög eftirsóknarvert að höfundur sé frjór í málnotkun sinni og leiki sér aðeins með tungumálið.

9. Bjartsýnn endir

Mikilvægt er að endirinn sé skýr og gefi von um bjarta framtíð. Lesandinn á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af framtíð aðalpersónanna að sögu lokinni.

10. Hvað skilur bókin eftir?

Ef það er margt sem lesandi veltir fyrir sér og hefur til umhugsunar að lestri loknum hefur bókin skilið eitthvað eftir og átt erindi. Samband lesanda og texta skiptir gríðarlegu máli í þessum þætti en það getur verið eins mismunandi og börn eru mörg (Þuríður Jóhannsdóttir 1992).

Matslisti þessi er að mati Þuríðar vel til þess fallinn að meta ákveðna eiginleika unglingsbóka. Ákváðum við því að nýta okkur listann til þess að meta þær þrjár bækur sem við höfum valið að gera grein fyrir. Til þess að hægt sé að rökstyðja hvort bók sé vel skrifuð eða auðveld teljum við nauðsynlegt að hafa einhvers konar mælitæki og er listinn heppilegur að okkar mati. Bækurnar eru teknar hver fyrir sig og metin og niðurstöður bornar saman. Sjá nánar í kafla 3.2.

2.3 Uppskrift barna- og unglingsbóka

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir birti, árið 1993, niðurstöður úr rannsókn sem ber heitið *Lestur íslenskra barna*. Í rannsókninni var skoðað það efni sem 14 ára unglingar lesa sér til dægrastyttingar. Efnið sem kom fram í þessari rannsókn var:

Ljóð, ævisögur/sjálfsævisögur, vísindaskáldskapur, saga/stjórnámál, ferðalög, vísindi/tækni, ævintýri, hryllingssögur, sígildar bókmenntir, náttúra/dýralíf, ástarsögur, sakamálasögur, íþróttir/tómstundir/heilsurækt, tónlist og að lokum spaug (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1993:44).

Spaug er það sem lesendur leita mest eftir eða um 40% en fast á hæla þess efnis fylgdu tónlist og íþróttir/tómstundir/heilsurækt. Sakamálasögur og ástarsögur voru mjög jafnar í fjórða og fimmta sæti listans.

Þættir Þuríðar og rannsókn Sigríðar gefa nokkuð skýra mynd af því sem börn og unglingar vilja og hvað höfundar ættu að vanda sig við þegar bók er skrifuð. Það mætti nánast segja að til sé uppskrift að barna- og unglingsbók miðað við þessar heimildir.

2.4 Staða lesturs á Íslandi.

Að hafa góðan lesskilning er undirstaða alls náms og hlýtur það því að vera áhyggjuefni hversu lítið íslensk ungmenni lesa. Íslensk ungmenni hafa lítinn áhuga á lestri og íslenskir grunnskólanemendur standa sig ekki vel á alþjóðlegum prófum sem mæla eiga lesskilning þeirra (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009).

Tengslin milli þessara tveggja póla eru skýr að mati Brynhildar Þórarinsdóttur: „...lesskilningur helst í hendur við áhuga á bókalestri“ (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009:569).

Þorbjörn Broddason hefur staðið fyrir langtímarannsókn á lestrarvenjum íslenskra grunnskólanemenda síðan 1968. Rannsókn hans, *Börn og sjónvarp á Íslandi*, hefur það að leiðarljósi að fylgjast með börnum á aldrinum 10–15 ára og hefur gefið mikilvægar upplýsingar þess efnis að lestraráhugi fari dvínandi hér á landi, þrátt fyrir að ekki hafi verið unnið markvisst með þær niðurstöður. Einnig hefur rannsóknin sýnt fram á að íslensk börn lesa lítið utan skólatíma og sá áhugi fer stöðugt dvínandi.

Í rannsókninni er alltaf spurt sömu spurningar: *Hefur þú lesið einhverjar bækur síðustu 30 daga?* Í hvert skipti sem rannsóknin er framkvæmd styður hún niðurstöður næstu ára á undan, þ.e. að stelpur lesa meira en strákar og að yngri lesendur lesa meira en þeir eldri. Þá hafa niðurstöður sýnt fram á þá þróun að meðalfjöldi lesinna bóka hefur dregist saman allt frá árinu 1979 og æ fleiri bætast í þann hóp sem engar bækur hafa lesið (Þorbjörn Broddason o.fl. 2009).

Í skýrslu Þorbjörns, sem kom út árið 2006, var hópur stórlesenda og „ekki lesenda“ svipað stór árið 1968 þegar um 11% höfðu enga bók lesið og 10% höfðu lesið 10 bækur eða fleiri, en mánuður var tekinn í senn. Árið 2003 hafði hinsvegar þriðji hver svarandi ekki lesið bók undanfarinn mánuð og hópur þeirra sem lásu mikið, eða stórlesenda, hafði skroppið saman og orðið 3%. Þá var einnig munur á lestrarvenjum milli kynja en strákar lásu alla jafna mun minna en stelpur (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009:570).

2.5 Til samanburðar þá og nú, Ísland og önnur lönd.

Árið 1988 var Íslandi boðin þátttaka í alþjóðlegri rannsókn á læsi. Var boðið samþykkt af Menntamálaráðuneytinu og var Sigríður Þ. Valgeirsdóttir skipuð umsjónarmaður rannsóknarinnar á Íslandi. Henni til aðstoðar voru Þóra Kristinsdóttir og Guðmundur B. Kristmundsson.

Árangur 14 ára unglunga á Íslandi var fyrir ofan meðaltal í prófuðum þáttum, mismunandi þættir voru teknir fyrir hverju sinni og voru niðurstöður ágætar. Ísland varð t.a.m. í fyrsta sæti fyrir lestur og skilning á fræðsluefni en rétt fyrir neðan efstu sæti í lestri á sögutexta (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1993).

Þegar spurt var út í lestur bóka hjá 14 ára nemendum kom í ljós að þeir lásu að jafnaði í 7,5 klst. á viku og sátu því íslenskir nemendur í 25. sæti samanborið við önnur lönd, sex sætum frá botninum. Þá voru nemendur spurðir hvað þeir læsu og hversu mikið og þeim sem ekki lásu meira en 5 klst. á viku gekk verr í námi (Sigríður Þ. Valgeirsdóttir 1993).

Samkvæmt spurningakönnun sem framkvæmd var samhliða PISA könnunum árið 2006 kom í ljós áberandi mikill munur á lestraráhuga íslenskra barna og erlendra jafnaldra þeirra þar sem íslenskir nemendur lesa sér töluvert minna til ánægju (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009:570). Voru nemendur m.a. spurðir út í viðhorf þeirra til lesturs og svöruðu um 57% nemenda að þeir sæju engan tilgang með lestri og 55% lásu ekki í frítíma sínum (Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir 2007:22–5). Í rannsókn þessari kom það skýrt fram að góð frammistaða nemenda í lesskilningshlutanum virtist haldast í hendur við mikinn áhuga á bóklestri. Einnig renna niðurstöðurnar stoðum undir þær niðurstöður Þorbjörns að stelpum gengur betur að lesa en stráku (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009:570).

Samanborið við danska rannsókn sem Romme-Lund framkvæmdi árið 2007 í Danmörku kemur í ljós öfug þróun þar ef tekið er mið af Íslandi. Danir hafa unnið ötullega að því að auka lestraráhuga barna og má þar nefna að þeir blésu til samfélagslegs átaks, *Læslystkampagne*, sem átti að standa frá 2003–2007 en var framlengt til ársins 2010 (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009: 569–70).

Í nýjustu skýrslu Þorbjörns frá árinu 2009 er ákveðinn þáttur sem kemur á óvart miðað við undanfarin ár, þ.e. að mögulega væri þróunin að snúast til betri vegar. Aldrei höfðu fleiri haft aðgang að sjónvarpi eða interneti en samt sem áður var meðalfjöldi lesinna bóka aðeins meiri en úr síðustu könnun, sem og hafði fjöldi þeirra sem engar bækur höfðu lesið skroppið saman milli ára (Þorbjörn Broddason o.fl. 2009). Stórlesendum hafði hinsvegar ekki fjölgað (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009:570).

Það sem vegur þyngst í að snúa þessari þróun við er að mati Þorbjörns:

Nærtækt er að leita skýringa í umhverfisáhrifum og teljum við líklegt að lestrarhvetjandi aðgerðir af hálfu skólanna vegi þungt. Af vefsíðunni Bókaormum má ráða að mikil og vaxandi gróska sé í hvatningarstarfi því, sem þar er unnið. Þetta tiltekna framtak, *Bókaormar*, sem reyndar hlaut verðlaun Evrópska skólanetsins árið 2007, er ekki einskorðað við skólana vegna þess að einstaklingar og heimili geta einnig stofnað til bókaorma. Þetta er í raun tölvu- og internetvædd útfærsla á gömlum sið, sem þekktist í mörgum skólum fyrir tíma tölvutækninnar (Þorbjörn Broddason o.fl. 2009:259).

Einnig nefnir Þorbjörn að Stóra upplestrarkeppnin hljóti að veга þungt þar sem nemendur eru hvattir til þess að vanda sig við að flytja texta og hefur þessi keppni mælst vel fyrir meðal nemenda.

2.6 Hvernig má auka áhuga á lestri?

Þegar reyna á að vekja áhuga nemenda á lestri eru margir möguleikar í stöðunni. Ber þar fyrst að nefna að skólinn gegnir veigamiklu hlutverki og er sérstaklega margt sem hann getur innt af hendi. Fyrir það fyrsta er mikilvægt að skólinn reyni eftir fremsta megni að hafa bækur bæði sýnilegar og aðgengilegar innan skólastofunnar. Ekki skemmir fyrir að hafa mikið úrval bóka og skipta þeim reglulega út. Nemendur sjá þá mikið úrval og eru stöðugt að kynnast einhverju nýju. Gott getur verið að hafa myndir af bókakápum uppi á vegg og er þar hægt að

nýta ljósritaðar myndir sem og bókaveggspjöld sem bókasöfn landsins láta útbúa (Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir 2007).

Kennarar gegna einnig veigamiklu hlutverki og er ýmislegt sem þeir geta gert til þess að vekja áhuga barna. Kennari getur kynnt bækur fyrir nemendum sínum og mælt með þeim og hrósað, lesið upp stuttan texta úr bókum eða gefið sér góðan tíma til þess að segja frá skemmtilegum bókum sem hann hefur lesið. Kennarinn verður þá eftir fremsta megni að kynna sér bækur vel, vera vel lesinn í bókmenntum eða duglegur að nýta sér internetið. Eins er mikilvægt að kennarar innan hvers skóla séu duglegir að nýta sér skólabókasafnið og séu í góðu sambandi við bókasafnsvörðinn (Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir 2007).

Brynhildur Þórarinsdóttir stóð fyrir rannsókn á Amtbókasafninu á Akureyri sumarið 2009. Börnin sem hún valdi til rannsóknarinnar voru valin með það að leiðarljósi að þau hefðu sérstakan áhuga á lestri. Markmið Brynhildar var að komast að því hvað það væri sem kveikti áhugann hjá börnunum og hafði hún til hliðsjónar rannsókn Romme-Lund frá árinu 2007. Rannsókn Romme-Lund á 11–12 ára börnum í Danmörku leiðir í ljós mikilvægi þriggja þátta sem hafa áhrif á það hvort barn hefur áhuga á lestri eður ei. Samspil heimila, stofnana og einstaklinga verður að vera jákvætt til þess að það skili sér en þó er viðhorf einstaklinganna eða barnanna sjálfra mikilvægast. Dönsku börnin eiga það sameiginlegt að vera mjög jákvæð í garð bókmennta og virðast alfarið gera sér grein fyrir því að bækur eru til afþreyingar, skemmtunar og fróðleiks. Börnin eiga það líka sameiginlegt að hafa alist upp í lestrarhvetjandi umhverfi þar sem foreldrar skipa stóran sess, börnin sjá foreldra sína lesa og foreldrar eru duglegir að útvega börnum sínum bækur til lestrar ásamt því að lesa fyrir þau upphátt. Einnig virðist gott viðhorf skólanna spila mikilvægt hlutverk þar sem börnin voru sammála um að nauðsynlegt væri að kennarar væru áhugasamir um bókalestur. Það sem mestu máli skipti var þó að lestur væri viðurkennt áhugamál innan skólans (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009).

Þessir þættir, sem Romme-Lund taldi að væru mikilvægir fyrir lestur hjá börnum, virtust allir vera til staðar hjá börnunum í rannsókn Brynhildar. Börnin koma frá lestrarhvetjandi heimilum þar sem lesið er fyrir þau, kennarar þeirra eru

lestraráhugamenn og mörg hver sögðust vera dugleg að lesa upphátt heima, t.a.m. fyrir yngri systkini sín. Börnin voru, eins og áður hefur komið fram, miklir lestraráhugamenn og lásu að jafnaði eitthvað alla daga.

En hvað þarf góð bók að hafa? Börnin voru sammála um það að til þess að gera bók góða þyrfti hún að vera spennandi og skemmtileg. Þau voru einnig sammála því að mikilvægt væri fyrir börn að lesa bækur fyrir börn en ekki fullorðna því fullorðinsbækur þykja leiðinlegar og flóknar, það sé mikilvægt atriði þegar barn les bók að það geti sett sig inn í söguna, í spor persóna eða sögumanns.

Að vekja lestraráhuga annarra barna og viðhalda honum þykir börnunum ekki mikið mál. Aðalatriðið er að þeir sem lesa bækur mæli með þeim, segi þær skemmtilegar og auðveldar viðfangs, það sé lykill að því að kveikja áhuga hjá öðrum nemendum sem hafa ekki jafngaman af lestri. Sterkir lesarar séu fyrirmyndir annarra barna og hjálpi þeim sem erfitt eiga með að lesa. Einnig nefna þau að umhverfið þurfi að vera hvetjandi en það er einmitt það sem fram kemur í rannsókn Romme-Lund (Brynhildur Þórarinsdóttir 2009).

2.7 Staðreyndir

Ekki er svo ýkja langt síðan íslenskir rithöfundar fóru að skrifa bækur fyrir börn og unglunga. Bókmenntirnar þróuðust hratt, allt frá því að vera leiðbeiningar fyrir unglunga og til þess að verða afþreying fyrir þá. Mikil gróska var í unglungabókum á 9. áratug síðustu aldar, ekki síst vegna breytinga á stöðu unglunga innan fjölskyldunnar. Sáu rithöfundar að með þessum breytingum varð mikill markaður fyrir unglungabækur.

Úrval unglungabóka í dag er mikið og efnið sem um er skrifað er fjölbreyttara en áður, höfundar mjög margir. Þrátt fyrir meiri fjölbreytni í unglungabókum fer lestraráhugi minnkandi. Til eru þó nokkrar rannsóknir sem styðja þá fullyrðingu.

Þó svo að áhugi unglunga á lestri fari hrakandi eru til gögn sem gefa til kynna hvað unglingar vilja lesa og til eru listar sem unglungabækur eru metnar eftir. Var því kjörið tilefni að athuga hvernig þekktar bækur koma út í samanburði við fyrirliggjandi niðurstöður.

Við tökum fyrir þrjár bækur Þorgríms Þráinssonar og metum þær eftir ákveðnum matslista. Einnig verður stílfraði þeirra skoðuð með það að leiðarljósi að komast að því hvort auðvelt sé að lesa þær. Ef auka á áhuga unglunga á lestri verður að finna bækur og efni sem hentar þeim og er það okkar markmið að athuga hvort bækur Þorgríms nýtist á því sviði.

3 Þorgrímur Þráinsson

Þorgrímur Þráinsson er einn vinsælasti barna- og unglingabókahöfundur landsins. Þorgrímur er fæddur í Reykjavík árið 1959 en ólst upp í Ólafsvík. Hann kom til Reykjavíkur til að stunda nám við Menntaskólann í Reykjavík og lauk stúdentsprófi þaðan 1980. Að loknu stúdentsprófi tóku við ýmis störf en Þorgrímur hélt til Frakklands til læra frönsku við útlendingadeild Sorbonne-háskóla í París árið 1983 og lauk því námi ári síðar. Hann var ráðinn blaðamaður hjá Fróða árið 1985 og sinnti þar starfi ritstjóra Íþróttablaðsins sem og starfi ritstjórnarfulltrúa barnablaðsins ABC frá 1989. Árið 1996 var hann svo ráðinn framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar og er nokkuð þekktur fyrir það starf.

Í þessari ritgerð eru bækur Þorgríms skoðaðar og hvernig megi nýta þær til aukningar á lestraráhuga. Þorgrímur hefur aðallega sent frá sér barna- og unglingabækur. Hann hefur þó einnig skrifað ýmislegt annað, meðal annars ævisögu Jóns Vídalíns, kennslubækur og myndabækur fyrir yngri börn. Fyrsta unglingabók hans *Með fiðring í tánum* kom út árið 1989. Sú bók var metsölubók og hafa fleiri bækur hans ratað á metsölulista. Þorgrímur hefur í dag gefið frá sér 18 barna- og unglingabækur og sú nýjasta er *Núll núll 9* sem kom út fyrir jólin 2009.

Þorgrímur er athyglisverður höfundur fyrir þær sakir að hann er nokkuð þekkt persóna í íslensku samfélagi sem er ekki algengt meðal barna- og unglingabókahöfunda. Hann spilaði lengi vel fótbolta með Val og vann til margra verðlauna ásamt því að komast í landslið Íslands. Þorgrímur hefur lengi verið ímynd heilbrigðs lífsstíls á Íslandi og er hann þekktur fyrir störf sín fyrir Tóbaksvarnanefnd. Fyrir þær sakir er hann athyglisverð persóna sem ætti að geta verið unglingum góð fyrirmynd. Er því ekki úr vegi að líta nánar á hans bækur sem og hann sem fyrirmynd og sjá hvort þær henti unglingum.

3.1 Val á bókum

Þegar ákvæðið var að skrifa um bækur Þorgríms Þráinssonar og hvaða áhrif þær gætu haft á lestur íslenskra barna og unglunga þurfti að skoða verk hans vel.

Þorgrímur fagnaði á síðasta ári, 2009, 20 ára rithöfundarafmæli og hefur hann gefið út alls tuttugu og eina bók á sínum rithöfundarferli.

Við ákváðum að rifja upp hvaða bækur við sjálfir höfðum lesið sem unglingar og spyrja sammendur okkar við Menntavísindasviðið. Eftir þá óformlegu könnun var ákvæðið að *Tár bros og takkaskór* yrði ein af þremur bókum sem fyrir valinu urðu, ekki síst vegna þess að bókin kom yfirleitt fyrst upp í huga fólks þegar verkefnið var rætt. Bókin er ein af fyrstu bókum Þorgríms og ein sú allra þekktasta og vinsælasta.

Við skoðun á rithöfundarferli Þorgríms Þráinssonar kom í ljós að ein af bókum hans fékk Íslensku barnabókaverðlaunin árið 1997. Það er bókin *Margt býr í myrkrinu* sem kom út árið 1997 og er bók sem hvorugur okkar hafði lesið. Lá því beinast við að bók sem hefur hlotið Íslensku barnabókaverðlaunin yrði fyrir valinu fyrir þetta verkefni. Ekki skemmdi fyrir að handrit bókarinnar var valið það besta úr hópi 40 annarra við val dómnefndar á bestu bókinni.

Núll núll 9 var þriðja bókin sem varð fyrir valinu og ákváðum við að taka þá bók þar sem hún er nýjasta bók Þorgríms og seldist vel fyrir jólin 2009.

Eftir að hafa valið þessar þrjár bækur sáum við að við vorum með gott mynstur. Þorgrímur hefur skrifað bækur í 20 ár og eru þetta bækur sem koma út með reglulegu millibili á þessum 20 árum. Sú fyrsta 1991, önnur 1997 og sú þriðja 2009. Því er nærtækast að bera þær saman við matslistann, með áherslu á stílfræðina, og sjá hvort eitthvað breytist hjá honum sem höfundur eða í stíl hans og bókanna. Einnig ætti þar að koma í ljós hvort bækur hans henti unglingum eður ei.

3.1.1 Tár, bros og takkaskór

Bókin *Tár, bros og takkaskór* er þriðja bók Þorgríms Þráinssonar og kom út árið 1990. Bókin er framhald af annarri bók Þorgríms, *Með fiðring í tánnum*, en sömu sögupersónur koma fyrir í bókunum. Bókin hlaut barnabókaverðlaun Fræðsluráðs árið 1990.

Í bókinni segir frá Kidda og Tryggva sem eru 14 ára gamlir og búa í Reykjavík. Báðir eru þeir frambærilegir knattspyrnumenn sem æfa með Æskunni. Þeir eignast nýjan vin í bókinni sem heitir Skapti Gastor og æfir ballett.

Kiddi kynnist nýrri stelpu, Agnesi, og verður fljótt hrifinn af henni og verða þau vinir til að byrja með. Bekkurinn fer saman í skíðaferðlag þar sem farið er í andaglas og átti það eftir að tengjast hræðilegum atburði síðar í bókinni. Kiddi og Agnes ákveða að byrja saman en þrátt fyrir það lætur Kiddi það ekki hafa áhrif á knattspyrnuna og hann og Tryggvi komast í landsliðið.

Undir lok bókarinnar gerist sá hræðilegi atburður að fullur ökumaður keyrir á Agnesi með þeim afleiðingum að hún deyr. Kiddi kenndi sjálfum sér um að hafa ekki getað hjálpað henni meira og missir allan áhuga á fótbolta um stundar sakir. Skapti, Tryggvi og María kennari hjálpa Kidda mikið í sorginni og finna ökuníðinginn sem hafði stungið af frá slysstað. Sóley er fyrrverandi kærasta Kidda sem hafði flutt til Akureyrar og í lok bókarinnar kemur hún til Kidda og segir honum að hún vilji flytja aftur til Reykjavíkur. Bókin endar á jákvæðum nótum þrátt fyrir mikil áföll aðalsögupersóna (Þorgrímur Þráinsson 1990).

3.1.2 Margt býr í myrkrinu

Bókin *Margt býr í myrkrinu* kom út árið 1997. Bókin fjallar um ungan strák, Gabríel, sem fer í sveit til afa síns um áramótin. Gabríel býr í Reykjavík ásamt foreldrum sínum og er ekki í sérstaklega góðum tengslum við afa sinn, ekki síst vegna þess að fótboltinn tekur allan hans tíma á sumrin og hann hætti að fara í sveitina sökum þess. Besta vinkona Gabríels, Andrea, býr einnig í Reykjavík og eru þau óaðskiljanleg. Gabríel biður Andreu að koma með sér í sveitina en hún

vill það ekki enda eru þau bæði á unglingsárum og margt að gerast í bænum. Á þeim stutta tíma sem hann dvelur þar lendir hann í ýmsum ævintýrum.

Rútubílstjórinn sem ekur Gabríel á Snæfellsnesið segir honum frá Axlar-Birni og því að kauði sé alltaf að minna á tilvist sína þó svo að hann hafi verið líflátinn fyrir 400 árum. Þessi frásögn á hug hans allan og fara einkennilegir atburðir að gerast í kjölfarið. Margt hefur gerst á þessum stað og telja margir það tengjast Axlar-Birni sem verður til þess að ýta undir áhuga Gabríels á atburðunum.

Andrea vinkona hans kemur til hans að lokum og þau lenda í rosalegri baráttu við óþekkta veru sem var búin að ná tökum á afa Gabríels með því að halda honum sofandi. Ekki hjálpar til að brjáláð veður einangrar bæinn frá umheiminum og geta þau ekki treyst á annað en sig sjálf. Þau vinna baráttuna við veruna og hún hverfur á brott. Vinirnir halda aftur til Reykjavíkur eftir ævintýrið en á leiðinni þangað bregður fyrir manni sem þau kannast við og það ekki af góðu (Þorgrímur Þráinsson 1997).

3.1.3 Núll núll 9

Bókin *Núll núll 9* kom út árið 2009. Bókin fjallar um strákinn Jóel sem býr á Akureyri ásamt móður sinni og systur. Systir hans er yngri en hann og er nýbúin að vinna sigur í baráttu sinni við krabbamein. Jóel æfir fótbolta með KA og vinnur hlutastarf í Bónus til þess að létta undir með móður sinni. Jóel á traustan vinahóp sem stendur með honum í gegn um súrt og sætt.

Dag einn þegar Jóel situr á kaffihúsi kemur til hans stelpa sem heitir Ania og fer að spjalla við hann. Þau tengjast ágætlega en þegar hún bregður sér frá til þess að fara á klósettið og skilar sér ekki til baka fer öflug atburðarás af stað. Jóel kann ekki við annað en að taka tölvuna hennar með sér heim en svo vill til að hann er einn heima þar sem mamma hans og systir eru staddar í Reykjavík hjá lækni. Áður en hann veit af eru óprúttir aðilar farnir að ásælast tölvu Aniu og ógna lífi Jóels og hans nánustu. Jóel trúir vinum sínum fyrir þessu og saman ætla þau að komast til botns í málinu.

Vinirnir gera sér fljótt grein fyrir því að það er við ofurefli að etja, atvinnumenn sem svífast einskis. Hópurinn kemst á snoðir um hvar Ania gæti verið niður komin og Jóel reynir að frelsa hana. Kemst hann þá að því að henni var rænt vegna þess að myrða átti forseta Íslands og faðir Aniu átti að annast það verk en henni er haldið sem tryggingu fyrir því að það gerist. Jóel lendir því á milli steins og sleggju, hvort á hann að bjarga forsetanum eða Aniu. Fer svo að Jóel verður mikil hetja enda bjargar hann báðum aðilum.

En hetjudáðir eiga ekki hug hans allan því að stelpur skipa stóran þátt í lífi hans eins og annarra unglunga og á ein stelpun, Álfhildur, hug hans allan. Sem betur fer fyrir Jóel ber hún sama hug til hans. Hetjudáðir, ástir, vinir og fótbolti eru atriði sem skipta Jóel miklu máli og endar þetta ævintýri eins og best verður á kosið (Þorgrímur Þráinsson 2009).

3.2 Hvernig eru bækurnar í samanburði við matslista?

Það getur verið snúið verkefni að meta barna- og unglungabók. Það ber að hafa margt í huga eins og fram kemur í kafla 2.2 fyrr í þessari ritgerð. Þar má sjá lista sem er settur fram af Þuríði Jóhannsdóttur og talar hún um tíu þætti sem hafa skal í huga þegar barna- og unglungabók er metin. Bækur Þorgríms Þráinssonar hafa verið til umfjöllunar í þessari ritgerð og munum við bera þessar þrjár bækur saman við listann og skoða niðurstöðurnar. Matslisti Þuríðar, sem kemur fram í kafla 2.2, verður notaður til meta hverja bók fyrir sig og að lokum verða þær bornar saman.

3.2.1 Tár, bros og takkaskór

1. Sjónarhorn barns eða unglings

Þorgrímur notast við þriðju persónu frásögn og stendur sögumaður bókarinnar til hliðar.

2. Samstaða með börnum eða unglungum

Þorgrími tekst að mati okkar ágætlega að vekja samstöðu með unglungnum. Það eru nokkur atvik í bókinni þar sem brotið er á rétti unglingsins gagnvart umheimi hans og má þar nefna dæmi þar sem keyrt er á tvær af aðalpersónum bókarinnar.

Þær bíða ekki eftir að lögreglan leysi málið heldur taka til sinna ráða og hafa hendur í hári afbrotamannsins. Má því segja að unglingurinn vinni sigur á hinum ófyrirleitna fullorðna manni. Aðalpersónan fer líka eftir eigin tilfinningu á mörgum stöðum í bókinni, þvert á það sem fullorðna fólkið hefur lagt fyrir. Aðalpersónan er trúr sinni sannfæringu og uppsker að lokum.

3. Vönduð persónusköpun auðveldar samsömun

Persónusköpun bókarinnar er mjög örugg. Um er að ræða vinahóp sem hefur að geyma sterka persónuleika. Þetta er strákavinahópur sem skartar tveimur leiðtogum hvort sem um er að ræða félagslíf eða skóla. Þeir eru landsliðsmenn í fótbolta, sætir og vinsælir meðal jafnaldra. Þriðji einstaklingurinn er dæmigert nörd sem býr til ákveðið jafnvægi innan hópsins því hann er mjög ólíkur þeim. Flestir geta því að okkar mati samsamað sig persónum bókarinnar. Stelpur geta einnig sett sig í spor persónanna. Nýja sæta stelpan í bekknum verður strax viðloðandi þennan aðalvinahóp og byrjar með aðalpersónunni. Því má halda fram að stelpur geti sett sig í spor hennar því þær leita eftir svipaðri viðurkenningu og hún.

4. Efnið höfði til barna eða unglinga og komi þeim við

Sagan sem slík er mjög hefðbundin að mörgu leyti. Lesendur hennar geta margir hverjir sett sig í spor persónanna, jafnvel lifað sig inn í söguna. Skólaferðalag, unglingaástir, vandamál leyst, afrek persóna koma fyrir í bókinni. Þógrímur er ekkert að finna upp hjólið heldur er hann segja frá atburðum sem flestir upplifa á unglingsárum sínum. Það kemur þó á óvart að kærasta aðalpersónunnar deyr.

5. Spannandi

Bókin er spennandi og má telja upp marga jákvæða atburði, komast aðalpersónurnar í landsliðið? Ná þau saman? Finnst morðinginn. Einnig eru neikvæðir atburðir, heldur hún lífi? Kemst morðinginn upp með verknaðinn?

6. Húmor

Bókin er ekki samin með það að leiðarljósi að fá lesendur til að hlæja. Þetta er spennusaga en Þógrímur býr til persónu sem heldur uppi húmornum í bókinni með stanslausu gríni og fimmaurabröndurum. Hann býr einnig til furðulega persónu sem stundar ballett og á pabba sem er vísindamaður sem finnur upp allt milli himins og jarðar. Sú persóna fær á sig ótal skot í gegnum bókina sem fær lesendur til að brosa út í annað.

7. Siðfræði og hugmyndafræði

Maður verður að taka afleiðingum gjörða sinna. Taktu að þér þá sem minna mega sín. Heilbrigð sál í hraustum líkama. Þetta eru dæmi um þá siðfræði og þann boðskap sem Þorgrímur kemur með í þessari bók. Þetta eru góð gildi sem eiga alltaf við.

8. Málfar

Málfarið í bókinni er mjög unglingavænt. Þorgrímur kynnir sér vel hvernig unglingar tala sín á milli og málfarið í bókinni gæti ekki verið eins auðvelt fyrir eldra fólk að lesa og unglinga. Unglingar eru markhópurinn og ættu þeir að skilja vel það málfar sem notast er við sem er mjög jákvætt.

9. Bjartsýnn endir

Þorgrímur verður ekki sakaður um annað en bjartsýnan endi. Morðingjanum er náð, íþróttafélag aðalsögupersónunnar verður meistari og ákveðin stelpa úr lífi hans vill aftur flytja til Reykjavíkur frá Akureyri.

10. Hvað skilur bókina eftir

Þrátt fyrir hremmingar í bókinni skilur Þorgrímur lesandann eftir sáttan. Jákvæður endir þar sem öll vandamál og flækjur hafa verið leyst.

3.2.2 Margt býr í myrkrinu

1. Sjónarhorn barns eða unglings

Þorgrímur notar þriðju persónu frásögn og stendur sögumaður til hliðar í bókinni. Einnig er notast við samtöl milli aðalpersónanna í bókinni sem eru unglingar.

2. Samstaða með börnum eða unglingum

Unglingar sem lesa bókina eiga að geta litið upp til aðalpersónunnar þar sem hann er sendur til afa síns í sveit 14 ára gamall og tekur yfir flest störfina á sveitabænum. Lesendur geta litið upp til hans eða jafnvel vorkennt honum. Getur verið erfitt fyrir unglinga í þéttbýli að átta sig almennilega á aðstæðum.

3. Vönduð persónusköpun auðveldar samsömun

Erfitt getur reynst fyrir unglinga að samsama sig aðalsögupersónu bókarinnar. Vissulega ættu allir að þekkja tilfinninguna að missa af einhverju skemmtilegu innan vinahópsins en að vera sendur út á land og axla þar ábyrgð líkt og fullorðinn

er erfitt að setja sig inn í.

4. Efnið höfði til barna eða unglinga og komi þeim við

Söguvið bókarinnar er úti á landi og verður því að teljast ólíklegt að þeir lesendur hennar sem búa í þéttbýli átti sig á aðstæðum. Líklega hafa flest ungmenni komið út á land en eiga þó tæplega auðvelt með að setja sig inn í aðstæður eins og hve dimmt getur orðið þegar kvölda tekur, hversu einangraður bærinn er þegar vont er veður og hvað það er mikilvægt að skepnur séu fóðraðar, sama hvernig stendur á hjá fólki. Það eru þessir punktar sem gera það að verkum að unglingar almennt skynja ekki söguviðið eins vel og ætla mætti. Lesandinn verður að treysta meira á það sem er að gerast í sögunni, að söguþráðurinn beri hann áfram fremur en að hann sé þátttakandi í sögunni.

5. Spannandi

Þessi bók er spennandi og atburðarás er hröð. Margir æsilegir og háskalegir atburðir gerast á stuttum tíma. Þorgrímur leysir einnig mjög vel hvernig persónan lendir í spennandi atburðarás þar sem ekki er hægt að flýja örlögin. Umhverfi sögunnar er drungalegt og ýtir undir spennuna í sögunni.

6. Húmor

Til að húmor sé í bókinni býr Þorgrímur til ákveðna persónu sem í þessu tilfelli er gamall maður, afi aðalsögupersónunnar. Gamli maðurinn er gerður að sérvitringi sem á nokkrar fleygar setningar, veraldarvanur maður sem kann að gera gott úr hlutunum.

7. Siðfræði og hugmyndafræði

Aðalsögupersónan tekst á við vandamál sín og er mjög trúr sinni sannfæringu. Maður flýr ekki vandamál sín heldur tekst á við þau. Þau munu alltaf elta mann uppi fyrr en síðar.

8. Málfar

Orðaforði í sögunni er í tengslum við umhverfi sögunnar. Málfarið er einfalt en viss orð sem eiga vel við geta reynst erfið viðureignar fyrir fólk sem hefur ekki reynslu í umhverfinu. Það er þó í lágmarki og ekkert sem ætti að stoppa lesandann.

9. Bjartsýnn endir

Aðalpersónur bókarinnar vinna hið illa. Þau bera kennsl á veruna og þar með er bókinni lokið. Lesandinn er skilinn eftir í lausu lofti og verður að búa sér til endi

eða bíða eftir framhaldi.

10. Hvað skilur bókin eftir

Bókin er spennandi og heldur lesandanum vel við efnið. Lesandinn fær mikla spennu beint í æð enda rakinn tilgangur bókarinnar. Lesandinn fær hins vegar ekki endanlega niðurstöðu og getur búið til sínar kenningar sjálfur í lokin um endi bókarinnar. Spurningin er hvort að það sé gott að skilja lesandann eftir með þessa ábyrgð en kannski er það einkenni spennusagna?

3.2.3 Núll núll 9

1. Sjónarhorn barns eða unglings

Þorgrímur notast við fyrstu persónu frásögn í þessari bók. Aðalpersónan er 15 ára gamall unglingur sem segir söguna. Því er ekki sögumaður sem segir frá heldur kemur allt frá aðalpersónunni sjálfri.

2. Samstaða með börnum eða unglingsum

Það er verið að gera unglingsnum hátt undir höfði í bókinni. Aðalpersónan er dugleg, sjálfstæð og gerir það sem hann telur réttast. Fer áfram á sinni sannfæringu. Það má því álykta að höfundur taki afstöðu með unglingsnum.

3. Vönduð persónusköpun auðveldar samsömun

Sagan segir frá vinahópi sem er mjög fjölbreyttur. Það eru jafnt stelpur sem strákar í hópnum og ætti lesandinn að geta fundið samsömun við einhvern af þeim. Það virðist sem Þorgrímur búi til stóran vinahóp og reyni þannig að ná til sem flestra. Lesandinn getur fundið sinn líka eða einhvern sem hann vill líkjast í þessum vinahópi.

4. Efnið höfði til barna eða unglinga og komi þeim við

Unglingar að glíma við dagsins vandamál er eitthvað sem höfðar til allra unglinga og það er einmitt það sem gildir í þessari bók. Þorgrímur er hins vegar að vitna í mikið úr samtímanum og það sem er í gangi í raunveruleikanum þegar bókin er gefin út árið 2009. Þorgrímur gengur langt í frásögn sinni og er að mörgu leyti dálítið ýktur, trúverðugleiki bókarinnar dvínar við þessa atburði að okkar mati. Þorgrímur notar mikið af enskuslettum og svokallað hnappamál í bókinni sem þýðir að hann hefur kynnt sér málfar og venjur unglinga vel við skrif bókarinnar.

5. Spannandi

Bókin er mjög spennandi og er meira í líkingu við ýkta bíómynd en unglingskaldsögu. Atburðarásin er spennandi frá upphafi til enda, milliríkja deila, mannshvarf, dularfull skilaboð, ástir og morð má nefna sem dæmi um spennuna í þessari bók.

6. Húmor

Svo virðist vera sem Þorgrímur hafi búið sér til persónu sem heldur uppi húmornum og gríninu í sögunni. Ávallt þegar sú persóna kemur fram á sögusviðið er stutt í grínið og lesandinn getur hlegið að. Vinahópurinn er mjög þroskaður en þessi persóna verður til þess að andrúmsloftið er nokkuð létt í kringum vinahópinn.

7. Siðfræði og hugmyndafræði

Aðalpersóna bókarinnar stendur frammi fyrir erfiðu vali milli tveggja kosta. Persónan velur að taka hag heildarinnar fram yfir eigin. Einnig er boðskapur um að þjóðin verði að standa vörð um auðlindir sínar.

8. Málfar

Þorgrímur gerir mjög vel í að aðlaga málfarið að markhópnum sem eru unglingar. Einfalt málfar sem unglingar þekkja vel og skilja. Einnig má nefna hnappamálið aftur sem og enskuslettur. Þorgrímur hefur greinilega lagt á sig vinnu til þess að kynna sér það nýjasta á þessu sviði.

9. Bjartsýnn endir

Eftir miklar hremmingar og áföll endar bókin á mjög jákvæðum nótum. Aðalpersónan stendur uppi sem hetja í lokin, búin að vinna bug á þeim sem eru vondir. Það sem hann hafði óskað í gegnum bókina rætist í lokin, endirinn er ævintýri líkastur.

10. Hvað skilur bókin eftir

Eftir mikla spennu sem heldur lesandanum við efnið er hann skilinn eftir sáttur. Vandamál eru leyst og lesandinn er kominn með allar upplýsingar sem hann þarf.

Í töflu 1 hér að neðan má sjá samanburð bókanna ef tekið er mið af matslista Þuríðar. Má greinilega sjá tengingu milli bókanna *Tár, bros og takkaskór* og *Núll núll 9*. Bókin *Margt býr í myrkrinu* sker sig aðeins úr enda efni hennar töluvert frábrugðið hinum bókunum.

	Tár bros og takkaskór	Margt býr í myrkrinu	Núll núll 9
1	3. persónu frásögn.	3. persónu frásögn.	1. persónu frásögn.
2	Samstaða góð með börnum og unglíngum.	Samstaða þokkaleg með börnum og unglíngum.	Samstaða mjög góð með börnum og unglíngum.
3	Örugg og auðveldar samsömun.	Gæti reynst erfið til samsömunar.	Margar persónur og auðvelt að samsama sig.
4	Höfðar vel til barna og unglínga.	Gæti orðið flókið að skilja umhverfi og efni sögunnar.	Höfðar vel til barna og unglínga.
5	Bókin er spennandi.	Bókin er spennandi og atburðarás hröð.	Bókin er mjög spennandi.
6	Ein persóna sér um húnor bókarinnar.	Ein persóna sér um húnor bókarinnar.	Ein persóna sér um húnor bókarinnar.
7	Góð gildi sem eiga alltaf við.	Trúr sinni sannfæringu.	Heild umfram einstakling. Huga að auðlindum þjóðarinnar.
8	Unglíngavænt málfar.	Málfar einfalt en tengt umhverfi sögunnar.	Unglíngavænt málfar.
9	Endirinn jákvæður og bjartsýnn.	Hið góða vinnur hið illa.	Aðalpersóna endar sem hetja og allt fer vel.
10	Lesandi fer sáttur og upplýstur frá bókinni.	Lesandinn skilinn eftir í lausu lofti og þarf framhald.	Lesandinn fer sáttur og upplýstur frá bókinni.

Tafla 1 Samanburður bóka skv. matslista

4.0 Stílfraeði bókanna

Í lok síðasta kafla var farið yfir hverja bók og hún metin með hliðsjón af matslista. Samkvæmt matslistanum eiga bækurnar vel við unglunga og er því tilvalið að líta á stílfraeði bókanna til þess að styðja það sem áður hefur komið fram.

4.1 Aðal- og aukasetningar

Til þess að hægt sé að telja aðal- og aukasetningar í bókunum þurfti að velja stuttan texta úr hverri bók fyrir sig. Tókum við fyrir tvær bls. úr hverri bók en þeir textar sem urðu fyrir valinu eru: Bls. 120–21 í *Tár, bros og takkaskór*, bls. 114–15 í *Margt býr í myrkrinu* og bls. 69–70 í *Núll núll 9*.

Textann greindum við niður í aðal- og aukasetningar sem og orðflokka. Í bókinni *Íslensk stílfraeði*, sem Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson skrifuðu og var gefin út árið 1994, kemur eftirfarandi fram:

Hliðskipun er algeng í talmáli. Hana þekkjum við einnig m.a. frá stíl Íslendingasagna þar sem setningaskipun er yfirleitt einföld og auðráðin (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:102).

Sem sagt er talið að textar sem innihalda fleiri aðalsetningar en aukasetningar eigi að vera auðveldari í lestri heldur en þeir sem hafa fleiri aukasetningar. Samkvæmt þessum staðreyndum átti því að vera lítið mál að sjá hvort bækur Þorgríms væru auðveldar í lestri og voru því setningar taldar og skipt niður í töflur. Þegar lítið er á bækur Þorgríms með tilliti til aðal- og aukasetninga kemur í ljós að aðalsetningar eru mun algengari og í miklum meirihluta.

	Aðalsetningar	Aukasetningar
Tár bros og takkaskór	64	31
Margt býr í myrkrinu	71	21
Núll núll 9	62	24

Tafla 2 Skipting setninga í bókunum í aðal- og aukasetningar.

	Aðalsetningar	Aukasetningar	%
Tár bros og takkaskór	67%	33%	100%
Margt býr í myrkrinu	77%	23%	100%
Núll núll 9	72%	28%	100%

Tafla 3 Hlutfall setningagerða í hverri bók í prósentum.

	Aðalsetningar	Aukasetningar	Samtals
Allar bækur	197	76	273
Allar bækur %	72%	28%	100%

Tafla 4 Bækurnar saman, prósentuhlutfall.

Eins og sjá má í töflum 2 og 3 er margt sameiginlegt með bókunum *Tár bros og takkaskór* og *Núll núll 9*. Í þessum tveimur bókum er hlutfall aðalsetninga um 70% samanborið við tæp 80% í bókinni *Margt býr í myrkrinu*. Þar af leiðandi eru aukasetningar í bókunum tveimur um 30% en um 20% í þeirri þriðju.

Setningafjöldi á milli bóka er býsna jafn eða um 90 setningar í hverri fyrir sig. Þess ber þó að geta að séu bækurnar teknar saman í eina heild, sjá töflu 4, kemur í ljós að 72% af texta bókanna hafa að geyma aðalsetningar og 28% aukasetningar. Þetta rennir stöðum undir þá tilgátu okkar að bækur Þorgríms séu auðveldar til lesturs, a.m.k. ef tekið er mið af grein Þorleifs Haukssonar og Þóris Óskarssonar.

Aðalsetningar eru mjög algengar í talmáli. Bækur Þorgríms innihalda mikið af samtölum og því er nokkuð rökrétt að niðurstöður séu á þann veg sem töflurnar sýna.

4.2 Orðflokkagreining

Við orðflokkagreiningu var stuttur texti valinn og hann orðflokkagreindur.

Ástæðuna fyrir því er að sjá hér á eftir í töflu 5. Í Orðtíðnibók Háskóla Íslands er að finna töflu sem segir til um hlutfall orða í ákveðnum gerðum bókmennta. Var því markmið okkar að greina texta bóka Þorgríms og sjá í hvaða flokk bækur hans falla.

Orðflokkur	1. flokkur Ísl. skáldv.	2. flokkur Þýdd skáldv.	3. flokkur Ævisögur	4. flokkur Vísindi	5. flokkur Barna- og ungl.	Alls
<i>Nafnorð</i>	20,7	21,2	26,0	30,2	19,9	23,6
<i>Lýsingarorð</i>	6,5	7,0	6,8	7,8	6,3	6,9
<i>Fornöfn</i>	16,5	17,2	13,1	7,8	17,0	14,3
<i>Laus greinir</i>	0,1	0,2	0,2	0,1	0,0	0,1
<i>Töluorð</i>	0,5	0,8	1,3	2,5	0,6	1,1
<i>Sagnir</i>	20,7	20,9	18,5	17,4	21,8	19,9
<i>Atviksorð</i>	22,7	21,3	22,3	22,6	22,9	22,4
<i>Samteng.</i>	12,2	11,2	11,8	11,2	11,6	11,6
<i>Erlend orð</i>	0,1	0,1	0,0	0,2	0,0	0,1

Tafla 5 Tíðni orða innan ákveðinna gerða bókmennta í prósentum

Helstu niðurstöður okkar eru þær sömu og í setningakaflanum. Bókin *Margt býr í myrkrinu*, sjá töflu 6, sker sig úr hvað varðar ákveðna þætti. Fornöfn eru fá, miðað við bækurnar tvær, eða 8% en um 15% í hinum bókunum. Samtengingar eru furðu fáar líka eða 5% en í hinum bókunum eru samtengingar 11% og 13%. Sagnir og atviksorð hafa svipað hlutfall í öllum bókunum en nafnorð eru áberandi flest í *Margt býr í myrkrinu* eða 32% á móti 26% og 20% í hinum bókunum.

Notkun lýsingarorða kemur töluvert á óvart. Ef tekið er mið af töflu 5 má sjá að meðalnotkun lýsingarorða í barna- og unglingabókum er um 6,3%. Það gildir þó bara um bókina *Núll núll 9* þar sem hún hefur um 7% lýsingarorða en hinar bækurnar tvær hafa 2% og 3% og er það ótrúlega lágt.

Þegar allar bækurnar eru bornar saman, töflur 6, 7 og 8, má sjá að prósentuhlutföll hvernar bókar fyrir sig passa ágætlega við 5. flokk í töflu 5. Ber því að álykta að

bækurnar hafi þá eiginleika að flokkast undir barna- og unglingabækur samkvæmt orðflokkgreiningu.

Margt býr í myrkrinu	Fjöldi orða	Prósentuhlutfall
Nafnorð	21	32%
Lýsingarorð	2	3%
Fornöfn	5	8%
Sagnir	14	22%
Atviksorð	19	29%
Samtengingar	3	5%
Annað	1	2%
	65	100%

Tafla 6 Orðflokkar bókarinnar Margt býr í myrkrinu.

Tár bros og takkaskór	Fjöldi orða	Prósentuhlutfall
Nafnorð	16	26%
Lýsingarorð	1	2%
Fornöfn	10	16%
Sagnir	14	23%
Atviksorð	14	23%
Samtengingar	7	11%
Annað	0	0%
	62	100%

Tafla 7 Orðflokkar bókarinnar Tár bros og takkaskór.

Núll núll 9		
Nafnorð	11	20%
Lýsingarorð	4	7%
Fornöfn	7	13%
Sagnir	12	21%
Atviksorð	14	25%
Samtengingar	7	13%
Annað	1	2%
	56	100%

Tafla 8 Orðflokkar bókarinnar Núll núll 9.

5 Rauður þráður

Allar bækurnar sem hafa verið teknar fyrir í þessari ritgerð eru flokkaðar sem unglingsbækur. Bækurnar eru vinsælar og hafa verið á metsölulistum og/eða unnið til verðlauna. Í kaflanum um unglingsbókmenntir kemur fram að unglingsbókmenntir eru ekki gömul grein og hefur hún legið undir gagnrýni. Efni bókanna snýst yfirleitt um vandamál unglings í þéttbýli og leit þeirra að lausnum.

Bækur Þorgríms eru ekki undanskildar. Bækurnar þrjár sem við höfum skoðað í þessari ritgerð fjalla allar um unglingsbókmenntir sem lenda í vandræðum eða hremmingum og leit þeirra að lausnum. Það má skilja þá stefnu vel þar sem unglingsbókmenntir geta sett sig í spor persónanna og efnið verður að höfða til unglings. Yfirleitt eru þetta vandamál sem allir ganga í gegnum á unglingsárunum og geta því samsamað sig efninu eða þekkja hvernig á að leysa vandamálið. Lesandinn getur leitað lausna sjálfur og verið sammála eða ósammála persónum bókarinnar þegar kemur að því að leysa vandamálin.

Þegar litið er á persónurnar í þessum þremur bókum má sjá margt líkt með þeim, sérstaklega í *Tár bros og takkaskór* og *Núll núll 9*. Þar eru vinahópar sem bækurnar fjalla um og þeirra daglega líf. Strákarnir eru góðir í fótbolta og virðast

vera upp til hópa fyrirmyndar unglingar, vinsælir, myndarlegir og gengur vel í lífinu. Vináttuböndin eru mjög sterk og einstaklingar eru til í að fórna sér hver fyrir annan og standa hver með öðrum. *Margt býr í myrkrinu* sker sig úr að því leyti að lesandinn fær ekki að sjá vinahóp heldur tvo bestu vini. Þar kemur fram enn þessi fórn vina og stuðningur þegar ein aðalpersónan fær bestu vinkonu sína út á land til að hjálpa sér yfir áramótin. Þorgrímur er hugsanlega þarna að sýna unglingum sem lesa bækurnar að sterk vinabönd eru gríðarlega mikilvæg og er það eitthvað sem fólk á öllum aldri ætti að taka sér til fyrirmyndar.

Aðalpersónurnar í bókunum eru strákar á aldrinum 14–15 ára. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vera trúir sinni sannfæringu og þeir lenda allir í aðstæðum þar sem þeir taka málin í sínar hendur og sýna sjálfstæði. Allir strákarnir eiga það sameiginlegt að æfa fótbolta og vera miklir íþróttastrákar. Þorgrímur var sjálfur landsliðsmaður í fótbolta og þekkir þann heim vel. Því er sterkt útspil hjá honum að láta persónurnar lifa í heimi sem hann þekkir vel og gerir þær trúverðugri fyrir vikið.

Unglingsárunum fylgja ástir og er það málefni sterkt í bókum Þorgríms. *Tár bros og takkaskór* og *Núll núll 9* líkjast mikið hvor annarri í ástamálum.

Aðalpersónurnar eiga kærustu eða mjög góða vinkonu í báðum tilvikum en einnig eiga báðar persónur mjög góðar vinkonur sem þeir eru hrifnir af en búa í öðrum sveitarfélögum. Lesandinn fær ekki jafn skýra mynd af ást í *Margt býr í myrkrinu* en Þorgrímur gefur lesandanum möguleika á að ákveða framtíð þessara bestu vina, stráks og stelpu, og er vel hægt að ímynda sér að þau verði meira en bara góðir vinir eftir reynslu þeirra saman. Unglingabækur fengu á sig gagnrýni fyrir að unglingar kysstust varla eða sýndu engar tilfinningar gagnvart hvort öðru en það hefur breyst til muna í takt við opnari umræðu í samfélaginu. Það má sjá vel í *Núll núll 9* að hún gengur lengra í tilfinningalegu sambandi stráks og stelpu heldur en hinar bækurnar sem koma út miklu fyrr.

Af þessum þremur bókum eru tvær mjög líkar en ein sker sig úr. Að okkar mati er nýjasta bókin, *Núll núll 9*, nýrri og betri útgáfa af *Tár bros og takkaskór* sem kom út 20 árum fyrr. Þorgrímur setur saman mjög svipaðan vinahóp sem og stráka sem eru nánast eins þegar kemur að áhugamálum og ástum. Munurinn er sá að hann er

búinn að aðlaga *Núll núll 9* að samfélaginu og er hún aðeins ýktari en *Tár bros og takkaskór*. Þegar lesandinn les þessar bækur sér hann mikla tengingu milli bókanna og falla þær undir lýsinguna á hinni venjulega unglingabók. *Margt býr í myrkrinu* sker sig úr þar sem vinnuhópurinn er ekki jafn stór og umhverfið í bókinni er dreifbýli. Vandamál aðalpersónunnar tengist íslenskri þjóðsögu ólíkt hinum bókunum tveimur.

6 Niðurstöður

Fólk notar lestur til ýmissa hluta. Það notar lestur til þess að finna sér afþreyingu, afla sér þekkingar, til þess að skemmta sér og svo lengi mætti áfram telja.

Bókalestur telst almennt vera þroskandi enda til ýmis konar afbrigði af ritum, svo sem skáldsögur, ævisögur, heimildarit o.fl. Bækur eru oft skrifaðar með því markmiði að lesendur þeirra geti samsamað sig persónum eða atburðum og því reyna höfundar eftir fremsta megni að finna ákveðið viðfangsefni til þess að skrifa um sem höfðar til sem flestra. Það er kannski ástæða þess að til eru jafn margar bækur og raun ber vitni, endalaus tilefni og ástæður til þess að skrifa bækur.

Eins og áður hefur komið fram fer lestraráhugi unglinga minnkandi. Áhugi unglinga á lestri er ekki nálægt því eins mikill og hann var fyrir nokkrum árum þrátt fyrir að sjaldan eða aldrei hafi verið fleiri höfundar sem skrifa unglingabækur. Við sem kennaranemar höfum orðið varir við þessa þróun þó svo að við höfum aldrei kennt sjálfir. Við höfum sótt vettvangsnám, sem er þó ekki langur tími í senn, og er lítill lestraráhugi þáttur sem við vissulega tökum eftir. Það er ekki þar með sagt að þær bækur sem eru í boði séu lélegar heldur virðist viðmót nemenda vera það að lestur sé almennt talinn leiðinlegur og þegar við spyrjum nemendur um lestur þeirra er svarið oftast en ekki neikvætt. „Til hvers þurfum við að lesa?“ er spurning sem við sem kennaranemar fáum, sem og kennari bekkjarins hverju sinni. Því mætti halda að ef hlutverk skólanna væri ekki að láta nemendur sína lesa, myndu þeir ekki lesa neitt yfir höfuð.

Til þess að sporna við þessari þróun teljum við að mikilvægt sé að breyta ákveðnum gildum innan skólans. Oftast en ekki eiga bækur sem unglingar lesa að

vera uppbyggjandi og fræðilegar, innihalda ákveðinn boðskap og reyna á einstaklinginn sem lesenda. Það teljum við vera mistök. Fyrir okkar leyti teljum við að forgangsatriði sé að fá unglunga almennt til þess að taka sér rit í hönd, það á ekki að skipta máli hvernig rit, og lesa það. Ekki endilega til þess að fræðast um ákveðna hluti eða fá góðan bókmenntalegan bakgrunn. Einungis til þess að lesa og auka áhuga á lestri. Við erum þó ekki að mæla með því að ritin séu bara teiknimyndasögur eða glanstímarit, en slíkt er leyfilegt í hófi að okkar mati. Til þess að unglingar geti skoðað þannig rit þurfa þeir að lesa og það á víst að vera okkar aðal takmark. Að unglingar geti lesið sér til gagns og ánægju er okkar markmið, en hvernig er hægt að framkvæma það?

Unglingabækur hafa ósjaldan verið gagnrýndar og eiga oft en ekki erfitt um vik. Þessi gerð bókmennta hefur vissulega verið viðurkennd sem bókmenntagein og margir höfundar skrifa fyrir unglunga, sjá kafla 2.1.2 Það varð ákveðin sprenging á bókamarkaði þegar þessi gerð bóka kom út og sást þá strax að þetta var þáttur sem hafði vantað. Unglingabókin hefur þó tekið stakkaskiptum að því leyti að hér áður fyrr var hún formföst, ákveðin gildi sem þurfti að viðhalda en nú er hún orðin opnari, höfundum er gefinn laus taumurinn til skrifa. Samfélaginu gekk illa að viðurkenna unglungabókina til að byrja með, ekki síst vegna þess að unglingurinn var ekki almennilega skilgreindur, nú er hann viðurkenndur hluti af samfélagi og á ekki síður skilið að hafa bókmenntir sem höfða til hópsins en aðrir. Þó svo að þessar bókmenntir hafi öðlast viðurkenningu samfélagsins eiga þær enn undir högg að sækja meðal almennings, enda oft á tíðum taldar lélegar bókmenntir með lítinn boðskap, og hjálpar það vissulega ekki til við ánægju unglunga af lestri. Ef viðmót foreldra er á þá vegu að þær bækur sem unglingurinn sækir í séu drasl, illa skrifaðar og jafnvel heilsuspillandi, er ekki að furða að unglingurinn forðist þessar bækur í framtíðinni enda foreldrar oft en ekki fyrirmyndir barna sinna.

Til þess að auka ánægju unglunga af lestri er margt hægt að gera. Hér framar í ritgerðinni, kafla 2.2, 2.3 og 2.5, er bent á nokkrar rannsóknir sem segja til um hvað unglingar vilja lesa. Teljum við að bækur skuli og geti verið skrifaðar eftir ákveðinni uppskrift þar sem einblínt er á hluti og aðstæður sem unglingar hafa áhuga á að lesa um, fremur en að bækurnar hafi mikið bókmenntalegt gildi. Eins og fram kemur í formála ritgerðarinnar er það okkur hjartans mál að finna bækur

og efni sem kveikir áhuga hjá unglingum á lestri almennt. Erum við því ekki að hugsa um fræðilegan hluta þeirra eða gildi, við viljum að unglingar lesi.

Þorgrímur Þráinsson er gott dæmi um unglingabókahöfund sem hefur náð að heilla unglinga með bókum sínum. Bækur hans hafa margar hverjar ratað á metsölulista og hann hefur fest sig í sessi sem einn af vinsælustu unglingabókahöfundum landsins. En fyrst svo er, er þá ekki hægt að nýta bækur hans til þess að auka áhuga unglinga á lestri?

Hér að ofan tókum við þrjár bækur hans til skoðunar með það að markmiði að komast að því hvort þær ættu vel við til þess að auka áhuga unglinga á lestri. Bækur Þorgríms féllu vel við hvern þátt fyrir sig samkvæmt lista Þuríðar Jóhannsdóttur og samkvæmt því eiga bækurnar að flokkast sem góðar unglingabækur. Samkvæmt matslistanum þurfa unglingar að geta samsamað sig persónum bókanna og geta sett sig í spor þeirra, efni bókanna þarf að höfða til þeirra. Þetta eru hlutir sem Þorgrímur gerir vel. Hann býr til hentuga vinalópa og virðist vera útsjónarsamur við val á efni. Eins og Sigríður Þ. Valgeirsdóttir komst að í rannsókn sinni, sem var birt árið 1993, eru til ákveðnir þættir sem unglingar vilja lesa um. Sú rannsókn var einmitt gerð skömmu áður og á svipuðum tíma og Þorgrímur var að hefja skrif á sínum fyrstu bókum. Verður því að teljast líklegt að Þorgrímur hafi kynnt sér áhuga og langanir unglinga eftir lesefni því rannsókn Sigríðar var ekki orðin opinber á þeim tíma. Hann virðist hitta naglann á höfuðið. Þorgrímur notast einnig við svipað efni í áframhaldandi bókum sínum en reynir eftir fremsta megni að aðlaga það nútímanum.

Stílfræði er þáttur sem hægt er að nýta þegar meta á bækur. Samkvæmt okkar greiningu eru bækur Þorgríms hentugar fyrir unglinga að því leyti að aðalsetningar eru mun fleiri í textanum en aukasetningar. Það gefur til kynna að textinn sé auðveldari en ella í lestri. Einnig kemur fram hér að ofan að samkvæmt orðflokkgreiningu sem við gerðum á bókunum flokkast þær undir barna- og unglingabækur samkvæmt orðtíðnirannsókn Háskóla Íslands (*Íslensk orðtíðnibók* 1991:1151). Lengd bókanna er mjög hentug, allt frá 120–250 blaðsíður, og letur stórt. Fyrir unglinga sem hafa ekki áhuga á að lesa hefur þessi þáttur áhrif. Þeir sjá fram á lengd sem þeir ráða við án þess að þurfa að sitja dag og nótt við lestur.

Það sem einnig styður að hægt sé að nota bækur Þorgríms til að auka áhuga unglunga á lestri er persónan sjálf, Þorgrímur. Hann er alla jafna mikil fyrirmynd sem börn geta litið upp til. Hann var afreksmaður í íþróttum og barðist lengi gegn notkun tóbaks og vímuefna sem framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar. Hann er frægur í íslensku samfélagi og unglingar vita hver hann er. Að mati okkar getur það verið mjög sterkt og aukið trú barna á það sem þau eru að lesa þegar jafn fræg persóna er höfundurinn.

Markaðssetning Þorgríms er eftirtektarverð og ættu aðrir höfundar að notfæra sér hans aðferð. Hann er duglegur að koma í skóla landsins og lesa upp úr bókum sínum og ræða við nemendur um allt milli himins og jarðar. Vinsælt er að fá hann til að tala við börnin og hjálpa þeim með ritun. Þorgrímur lætur sjá sig á heimavelli barnanna, skólanum, það er umhverfi sem börnin þekkja og þau virða það að fá hann í heimsókn.

Þorgrímur er að skrifa fyrir unglunga og því er það gott útspil að mæta til þeirra og tala við þá. Með þessu hefur hann strax forskot á aðra höfunda sem sinna þessari markaðssetningu ekki jafn vel og líklegra er að börnin taki bók eftir einhvern sem þau „þekkja úr eigin lífi“ en einhvern sem þau vita varla hver er.

Tilgáta okkar var í upphafi sú að bækur Þorgríms henti vel til að auka áhuga á lestri. Við höfum kannað þætti til að styðja tilgátu okkar, bæði frá bókmenntalegu sjónarhorni sem og málfræðilegu. Bækur hans eru ágætlega skrifaðar. Hann miðar málfarið við markhóp sinn, unglunga, og vandar valið þegar kemur að persónusköpun og áhugamálum þeirra. Hann leggur vinnu í að búa til aðstæður fyrir persónur sínar svo sem flestir lesendur geti sett sig í spor þeirra. Bækurnar eru einfaldar í lestri, skemmtilegar og spennandi en þetta eru þeir þættir sem unglingar sækja í. Að öllu samanlögðu má segja að bækur Þorgríms Þráinssonar henti vel og geti staðið undir þeim væntingum sem við höfum til þeirra. Það á að vera hægt að nota þær til að auka áhuga á lestri. Hversu mikið bókmenntalegt gildi þessar bækur hafa má bíða betri tíma.

7 Samantekt

Í upphafi var lagt upp með að komast að því hvort bækur Þorgríms Þránínssonar væru heppilegar til þess að auka áhuga unglunga á lestri. Niðurstöður úr nokkrum rannsóknum sýna fram á að lestri fer stöðugt hrakandi og því mikilvægt að sporna við því.

Til eru ákveðnar hugmyndir um hvernig unglungabækur skuli skrifaðar og hvaða efni þær eigi að fjalla um. Eftir að hafa tekið þrjár bækur Þorgríms og borið saman við matslista kemur bersýnilega í ljós að þær henta einstaklega vel til lesturs. Einnig sést vel að málfar er aðlagað markhópnum, unglungum, sem og stílfræðin. Verður því að teljast líklegt að auðveldar bækur í lestri, eins og bækur Þorgríms eru, verði til þess að unglingar fái meiri áhuga á lestri.

Gaman væri að fylgja þessu eftir með því að prófa að kenna bækur hans í skólum og sjá hvort teljandi munur yrði á lestraráhuga.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla – Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið. Sótt 5. apríl 2010 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar//nr/3953>

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (munnleg heimild, 20. október 2008).

Brynhildur Þórarinsdóttir. 2006. Fjölskyldumynstur barnabóka. *Rannsóknir í félagsvísindum VII*, bls. 741-50. Ritstj. Úlfar Hauksson. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Brynhildur Þórarinsdóttir. 2009. Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. *Rannsóknir í félagsvísindum X*, bls. 569-577. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Gísli Ágúst Gunnlaugsson. 1997. *Saga og Samfélag: Ættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Ritstj. Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og sögufélag.

Íslensk bókmenntasaga V. 2006. Ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík.

Íslensk orðtíðnibók. 1991. Ritstj. Jörgen Pind. Orðabók Háskólans.

Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir. 2007. Yndislestur. *Skíma 30:22-25.*

Silja Aðalsteinsdóttir. 1999. Íslenskar barnabækur. *Raddir barnabókanna: Greinasafn*, bls. 9-37. Ritstj. Silja Aðalsteinsdóttir og Hildur Hermóðsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.

Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. 1993. *Læsi íslenskra barna*. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Silja Aðalsteinsdóttir. 1981. *Íslenskar barnabækur 1780-1979*. Mál og menning, Reykjavík

Þorbjörn Broddason o.fl. 2009. Ný börn og nýir miðlar á nýju árfúsundi. *Rannsóknir í félagsvísindum X*, bls.253-262. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir. Félagsvísindastofunun Háskóla Íslands.

Þorgrímur Þráinsson. 1997. *Margt býr í myrkrinu*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Þorgrímur Þráinsson. 2009. *Núll núll 9*. Mál og menning, Reykjavík

Þorgrímur Þráinsson. 1990. *Tár, bros og takkaskór*. Fróði, Reykjavík

Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Mál og menning, Reykjavík.

Þuríður Jóhannsdóttir. 1992. *Úr búrinu í meiri gaurang*. *Tímarit Máls og menningar*, 53: 5-17.